

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fjórða ársfjórðungi 2011

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2011 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður mældist óhagstæður um 48,9 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi samanborið við 8 ma.kr. hagstæðan jöfnuð fjórðunginn á undan. Afgangur af vöruskiptum við útlönd var 15,3 ma.kr. en 5 ma.kr. halli var á þjónustuviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna var hinsvegar neikvæður um 59,2 ma.kr.

Halla á þáttatekjum má eins og áður að miklu leyti rekja til innlánsstofnana í slitameðferð. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 44,3 ma.kr. og tekjur 17,7 ma.kr. Jöfnuður þáttatekna án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var óhagstæður um 32,7 ma.kr. og viðskiptajöfnuður óhagstæður um 22,3 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.434 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 13.661 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 9.227 ma.kr. og lækka nettóskuldir um 49 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 2.789 ma.kr. og skuldir 3.644 ma.kr. og var hrein staða þá neikvæð um 856 ma.kr.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	<u>2010, IV</u>	<u>2011, I</u>	<u>2011, II</u>	<u>2011, III</u>	<u>2011, IV</u>
Viðskiptajöfnuður	-51,8	-40,2	-35,0	8,0	-48,9
Útflutningur vöru og þjónustu	213,9	202,2	238,3	277,4	233,5
Innflutningur vöru og þjónustu	-181,6	-176,1	-202,0	-217,2	-223,1
Þáttatekjur og framlög, nettó	-84,1	-66,3	-71,3	-52,2	-59,2
Fjármagnsjöfnuður	284,5	-4,6	-25,8	79,3	48,3
Fjármagnshreyfingar án forða	454,9	66,5	22,6	177,4	169,6
Erlendar eignir, nettó	452,7	-8,6	5,8	47,1	375,1
Erlendar skuldir, nettó	2,1	75,1	16,8	130,3	-205,5
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-170,3	-71,1	-48,4	-98,0	-121,2
Skekkjur og vantalið, nettó	-232,7	44,7	60,8	-87,3	0,6
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Viðskiptajöfnuður án áhrifa gömlu bankanna	-25,1	-13,2	-11,6	37,0	-22,3

Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma

	<u>2010, IV</u>	<u>2011, I</u>	<u>2011, II</u>	<u>2011, III</u>	<u>2011, IV</u>
Erlendar eignir, alls	4.183	4.456	4.577	4.554	4.434
Bein fjárfesting erlendis	1.368	1.424	1.417	1.368	1.387
Erlend markaðsverðbréf	820	869	997	1.029	965
Aðrar fjáreignir en forði	1.331	1.400	1.335	1.245	1.033
Gjaldeyrisforði	665	764	828	912	1.049
Erlendar skuldir, alls	13.890	14.375	14.237	13.829	13.661
Bein fjárfesting á Íslandi	1.356	1.449	1.498	1.496	1.539
Innlend markaðsverðbréf	3.244	3.169	3.104	2.826	2.513
Aðrar erlendar skuldir	9.290	9.758	9.635	9.507	9.609
Hrein staða við útlönd	-9.707	-9.919	-9.660	-9.275	-9.227
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Hrein staða við útlönd án innlánsstofnana í slitameðferð	-967	-951	-932	-941	-856

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.